



Aloe

eins og náttúran ætlaði

Eftirspurn eftir náttúrulegum afurðum, sjálfbærri aldinkjöt framleiðslu og vörum sem unnar eru fyrir sanngjörn laun hefur aukist undanfarin ár svo það er ekki óvænt að sjá fyrirtæki stefna að frá-búi-að-borði þegar þau merkja vörur sínar og gefa upp uppruna innihaldsefna þeirra.

Fólk vill vita – og á skilið að vita – hvaðan matur þeirra og drykkur kemur. Þess vegna getur Forever Living stolt sagt að verksmiðja-að-vöru sé sú leið sem við höfum alltaf farið, ekki vegna þess að það var „kúl“ heldur vegna þess að ein af okkar meginreglum er sú að gera hlutina rétt.

Við erum lóðrétt samsett fyrirtæki sem þýðir að við eigum ekki einungis framleiðslu- og dreifingarstöðvarnar, heldur einnig jarðirnar sjálfar þar sem aloe-ið okkar vex. Við höfum svo mikla trú á ferlum okkar og gæðum varanna sem þar eru framleiddar að við lítum á okkur sem „Aloe Vera Fyrirtækið“ og þegar þú hefur lesið meira um ferlið og hreinleika framleiðslunnar okkar teljum við að þú munir einnig hafa þá skoðun

Frá plöntu...

Frá því augnabliki sem aloe plantan okkar festir rætur í jarðveginum göngum við úr skugga um að hver einasta planta fái vandlega umönnun til að tryggja að stóru, grænu blöðin verði þykk og sterk. Þegar neðri blöðin ná þroska, eftir um það bil eitt ár, eru þau skorin handvirkt. Aðeins fullþroska blöðum er safnað til að tryggja að við náum mesta magni af hreinu aloe vera hlaupi.

Eftir að hafa verið fjarlægt af plöntunni eru blöðin flutt í vinnslustöð okkar á staðnum þar sem þau eru þvegin og flökuð. Hvert blað er þvegið tvisvar sinnum áður en það er flakað handvirkt; handvirk flökun tryggir að skinnið sé að fullu fjarlægt svo aðeins nærandi innra laufhlaupið sé eftir. Því næst fer hlaupið í gegnum nokkrar gæðakönnunarstöðvar og öll frávik eru fjarlægð áður en það fer í smitgátartank til vinnslu. Þessu ferli er lokið innan sex klukkustunda frá uppskeru til að tryggja að allir góðir eiginleikar hlaupsins haldist óbreyttir.

Í smitgátarferlinu er hlaupið snögghitað til að loka inni notagildi þess og ferskleika, um leið og það er örugg leið til að fækka slæmum bakteríum án þess að þörf sé á rotvarnarefnum. Sýnt hefur verið fram á að þetta ferli viðhaldi yfir 300% meira af vítamíninnihaldi aloe þannig að endanleg vara bragðist eins fersk og nærandi og mögulegt er. Hreinu aloe hlaupinu er síðan pakkað í stóra sekki til flutnings á eina af framleiðslustöðvum okkar.



Ad vöru...



Yfir átta milljónir lítra af aloe vera hlaupi fer frá plantekrum okkar til framleiðslustöðva á hverju ári. Aloe Vera of America sem staðsett er í Dallas, Texas er framleiðsluaðstaða fyrir alla aloe starfsemi okkar um allan heim. Þessi hátæknistöð státar af nýjustu framleiðslutækni, rannsóknarstofum ásamt rannsóknum og vöruþróun.

Þegar hlaupið kemur til framleiðslustöðvar er bætt í það viðbótarinnihaldsefnum sem krafist er af okkar eigin uppskriftum. Með 99,7% af innra blaðhlaupi er **Forever Aloe Vera Gel®** eins nálægt því og hægt er að vera eins og það sem þú færð við að skera upp ferskt blað! Aðrar uppskriftir innihalda **Forever Aloe Berry Nectar®** og **Forever Aloe Peaches®** sem eru bragðbætt með ávaxtasafa og þykkni til að gefa aukna næringu og ávaxtaríkt og ljúffengt bragð.

Blandan er prófuð til að ganga úr skugga um að hún uppfylli allar vörukröfur og því næst er hún snögghituð á ný. Þetta tryggir að eitthvað af innihaldsefnunum sem bætt var í hlaupið hafi ekki bætt við neinu sem ógnað gæti gæðum eða hreinleika hlaupsins. Héðan fer blandan síðan á pökkunarlinuna.

Hver Tetra Pak pakkning er flöt þar til hún er fyllt með Forever aloe vera drykk. Hin dauðhreinsaða pakkning er mótuð og brotin í Tetra Pak lögunina um leið og hún er fyllt; þegar hún er full er tappi skrúfaður á í lofttæmdum klefa. Loka gæðaskoðanir eru gerðar og síðan eru aloe drykkirnir okkar sendir af stað með öllum sínum gæðum vandlega innsigliðum.





Til þín...

Svæðisdreifingarmiðstöðvar í Aloe Vera of America og Forever Direct í Hollandi sjá yfir 158 löndum um allan heim fyrir Forever vörum. Með því að eiga okkar eigin dreifingarlinu getum við stjórnað tímasetningum, minnkað kostnað og fullvissað okkur um að ströngum gæðastöðlum okkar sé fylgt að fullu á öllum dreifingarstöðvum okkar. Þessar miðstöðvar sjá minni stöðvum um allan heim fyrir stórum sendingum og senda núna beint til viðskiptavina í tólf löndum! Flókið kerfi

háþróaðrar tækni tryggir að hverri vöru sem þú pantar er pakkað á skilvirkasta mögulega hátt undir leiðsögn okkar hæfu liðsmanna sem eru stoltir af því að vera hluti af þessari mikilvægu framboðskeðju. Um leið og hver pakki er fylltur er hann skoðaður á ný til að tryggja nákvæmni og síðan vandlega innsiglaður til að ganga úr skugga um að hann komist á öruggan hátt að þínum dyrum.

„Frá plöntu, að vöru, til þín“ hugmyndafræðin okkar tryggir að við getum stjórnað kostnaði og það sem mikilvægara er getum við stjórnað gæðum varanna í hverju þrepi framleiðsluferilsins, þetta þýðir að þú getur verið viss um að þú sért að fá bestu mögulegu vöru – frá plöntu, að vöru, til þín.



Vörur í bæklingi:

Forever Aloe Vera Gel | vörunúmer 715
 Forever Aloe Berry Nectar | vörunúmer 734
 Forever Aloe Peaches | vörunúmer 777

Til að panta vörur, hafðu samband við
 Forever dreifingaraðilann þinn í dag, eða
 heimsæktu www.foreverisland.is